

Fundagerð Kolviður 8. Mars 2019

Mætt: Auður, Einar, Reynir, Jónatan, Rósbjörg.

1. Stefnuskjal undirritað.
2. Fundagerð fundar 17. desember 2018, samþ.
3. Staða bókhalds.
 - a. Bráðabirgðauppgjör bendir til afgangs um 8 millj. en eigum eftir að setja niður nokkuð af trjám vegna 2018. Velta 23 millj. ca. árið 2018, en um 13 millj 2017.
70 einstaklingar höfðu greitt inn á Kolvið sem kolefnisjöfnum.
Það þarf að vera gott aðgengi fyrir einstaklinga vegna þessa á heimasíðu.
 - b. Samþykkt að færa bókhald yfir til KPMG eftir að hafa fengið tilboð frá þeim
 - c. Af um 40 fyrirtækjum sem kolefnisjafna hjá Kolviði eru 7 inni hjá Klöppum.
Unnið er að breytingu þannig að innheimta fari beint í gegnum Klappir, Kolvið að kostnaðarlausu. Þarf að fá samþykki frá fyrirtækjunum.
 - d. Samþykkt að Auður taki að sér hlutverk gjaldkera í stjórn Kolviðar og annist greiðslu reikninga. Gera þarf nauðsynlegar breytingar á prókúruumboði fyrir gjaldkera.
 - e. Samþykkt að Einar verði ritari í stjórn Kolviðar.
 - f. Verkefni áfram hjá Sí.
Reikningagerð til þeirra sem ekki eru hjá Klöppum og innheimta þeirra.
Umsjón með heimasíðu.
4. Plöntukaup fyrir árið 2019. Búið að kuapa 56 þús plöntur hjá Kvistum og 14 þús eru til á lager, semja við Sólskóga um X.
Kolviður er inni í útboð vegna Landgræðsluskóga. Þurfum að tryggja okkur um 200 þús. plöntur fyrir árið 2020.
Ath. hvort hægt er að láta land hjá Alviðru undir birkiskógrækt.
5. Endurskoðun heimasíðu.
Samþykkt að leita eftir tilboðum frá tveim aðilum. Þegar liggur fyrir tilboð frá Allra átta og samþykkt að leita eftir tilboði frá Dacoda.
6. Land, nokkuð gott með land næstu 2-3 ár.
 - a. Samningur við Sí um land fyrir Kolvið á Úlfljótsvatni um 140 ha. og Skálholti um 100 ha.; samþykkt að form. gangi frá samningum.
 - b. Samningur við Sí um skipulag og plöntun á Úlfljótsvatni og í Skálholti; samþykkt að form. gangi frá samningi.
 - c. Vantar fólk í plöntun. Komin nýr starfsmaður sem þarf að þjálf. Er í rétta átt en vantar nokkuð upp á.
 - d. Bent á Þorlákshafnarsand sem mögulegt land til plöntunar.
7. Samningur vegna Loftslagsskógar á Mosfellsheiði
 - a. Rannsóknarreitir, heimild kemur frá sveitarfélaginu, þarf að breyta aðalskipulagi. Ath. Fylgjast með aðalskipulagsvinnu „opið svæði til annarra nota“.
 - b. Planta bæði birki og furu til að byrja með girt og ógirt. Kostar ca. 5 millj. Göngum til samninga en förum yfir kostnaðaráætlun. Reynum að fá Mosfellsbæ til að koma með í kostun á verkefninu.

8. Samstarf
 - a. Auður fer með á fund á Akureyri til að funda með HA og Bæjarstjórn
 - b. Húsavík „að skoða málið“.

9. Næsti fundur verður 3. maí kl. 12 í húsnæði Landverndar.

Fleira ekki gert.